

Sveitarfélagið Hornafjörður
b.t. Matthildar Ásmundardóttur, bæjarstjóra
Hafnarbraut 27
780 Hornafjörður

Reykjavík, 7. maí 2021

Efni: Svar við erindi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, dags. 5. nóvember 2020, og erindi frá Sambandi sunnlenskra sveitarfélaga f.h. Hornafjarðar, dags. 31. mars 2021

Vísað er til bréfs Sveitarfélagsins Hornafjarðar frá 5. nóvember 2020 um atvinnuástandið í sveitarfélaginu og bréfs frá Sambandi sunnlenskra sveitarfélaga frá 31. mars 2021 þar sem óskað er eftir að Sveitarfélagið Hornafjörður verði flokkað með sveitarfélögum á Suðurlandi í tölfræði Vinnumálastofnunar.

Vinnumálastofnun biðst velvirðingar á því að erindi sveitarfélagsins hafi ekki verið svarað fyrr.

Undanfarið hefur Vinnumálastofnun unnið að heildstæðri skoðun á þjónustu og ráðgjöf við atvinnuleitendur sem búsettir eru í Sveitarfélaginu Hornafirði með það að markmiði að efla og bæta þjónustuna og samræma við þjónustu annarra opinberra aðila á svæðinu. Ólíkt öðrum opinberum aðilum hefur þjónusta Vinnumálastofnunar við atvinnuleitendur í sveitarfélaginu verið sinnt af þjónustuskrifstofu stofnunarinnar á Austurlandi en ekki Suðurlandi líkt og t.d. þjónusta sýslumanns, lögreglu og heilbrigðisþjónusta. Enn fremur sinnir Fræðslunet Suðurlands fræðslumálum í sveitarfélaginu líkt og annarsstaðar á Suðurlandi og hefur þjónustuskrifstofa Vinnumálastofnunar á Suðurlandi átt í nánú samstarfi við fræðslunetið.

Vinnumálastofnun hefur því ákveðið að flytja þjónustu við atvinnuleitendur í Sveitarfélaginu Hornafirði undir þjónustuskrifstofu stofnunarinnar á Suðurlandi. Með því næst að mati stofnunarinnar betri samþætting í þjónustuveitingu í takti við aðra opinbera aðila á svæðinu t.d. með samstarfi við geðheilsuteymi HSU sem starfar á öllu Suðurlandi, bættu framboði af úrræðum fyrir atvinnuleitendur með nánara samstarfi við Fræðslunet Suðurlands og styrkari stoðum verði skotið undir ráðgjöf og stuðning við atvinnuleitendur á svæðinu.

Í erindi sveitarfélagsins frá 5. nóvember sl. er m.a. óskað eftir því að Vinnumálastofnun staðsetji starfsmann tímabundið í sveitarfélaginu vegna mikils atvinnuleysis. Til að styðja við flutning þjónustu Vinnumálastofnunar við atvinnuleitendur í Sveitarfélaginu Hornafirði og þjónusta enn betur þann fordæmalaus fjölda atvinnuleitenda sem þar er búsettur hefur stofnunin ákveðið að fallast á beiðni sveitarfélagsins og staðsetja starfsmann tímabundið til sex mánaða í sveitarfélaginu gegn því að sveitarfélagið styrki stöðugildið með skrifstofuhúsnæði, Vinnumálastofnun að kostnaðarlausu, líkt og boðið er í bréfinu.

Þá er í erindi Sambands sunnlenskra sveitarfélaga frá 31. mars sl. óskað eftir því að Vinnumálastofnun flokki Sveitarfélagið Hornafjörð með öðrum sveitarfélögum á Suðurlandi í tölfræði sinni. Vinnumálastofnun hefur nú þegar brugðist jákvætt við erindinu. Í tölum Vinnumálastofnunar frá mars 2021 og síðar hefur Sveitarfélagið Hornafjörður verið flokkað með sveitarfélögum á Suðurlandi.

Er það von Vinnumálastofnunar að sveitarfélagið taki jákvætt í framangreindar breytingar og fallist verði á að útvega skrifstofuhúsnæði fyrir starfsmann stofnunarinnar í sveitarfélaginu stofnuninni að kostnaðarlausu.

Virðingarfyllst,

Unnur Sverrisdóttir, forstjóri